



Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Tónleikar Secret Solstice 15.-19. júní sl.

Borgarráði eru hér með sendar umsagnir og athugasemdir sem borist hafa vegna tónleika í Laugardal 15-19. júní sl.

Undirritaður óskaði eftir því við ýmissa samstarfsaðila vegna tónleikanna og þá sem höfðu áður fjallað um undirbúning tónleikanna að umsögn þeirra bærst í byrjun sept. 2017, þannig að borgaryfirvöld gætu tímanlega tekið afstöðu til áframhaldandi tónleikahalds í Laugardal og samninga við tónleikahaldara og fl. aðila.

Tónleikarnir fóru fram frá 15.-19. júní 2017, sem er viku fyrr en 2016. Nú hafa tónleikaaðilar byrjað að auglýsa tónleika sumarið 2018, 21. - 24. júní.

Á þessu tímabili fer fram í Laugardalnum, jónsmessuhlaup, sem verður fimmtudaginn 21. júní og útskriftarhátíð HÍ í Laugardalshöll, laugardaginn 23. júní.

Þeir aðilar sem skilað hafa inn umsögnum eru:

- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins dags. 10. júlí 2017
- Miðbæjarathvarfið dags. 28. júní 2017
- Íbúasamtök Laugardals dags. 14. ágúst 2017
- Hverfisráð Laugardals dags. 28. ágúst 2017
- Knattspyrnufélagið Þróttur dags. 1. ágúst 2017
- Foreldrarölt og ábendingar íbúa
- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 11. sept. 2017
- Umsögn forstöðumanna Grasagarðs dags. 4. ágúst 2017
- USK, skrifstofa reksturs og umhirðu (SRU) dags. 3. okt. 2017
- Hverfisráð Laugardals frá 30. október 2017.


Ómar Einarsson.

Lokaskýrsla umhverfiseftirlits v. eftirlits á Secret Solstice 15-18. júní 2017

Dagana 15, 16. og 17 júní 2017 komu fulltrúar heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, umhverfiseftirlit í eftirlitsferðir á tónlistahátíðina Secret solstice sem fram fór í Laugardal. Í þessum ferðum var haft eftirlit með úrgangsmálum, umgengni, hreinlæti og þrifum, salernismálum, hársnyrtingu, húðflúri og hávaðamálum út frá hollustuhátta og mengunarvarnasjónarmiðum.

Viðhorf starfsmanna á hátíðinni gagnvart störfum heilbrigðisfulltrúa var gott og samstarf gekk þrýðilega. Fulltrúar fóru einnig í ferðir til að fylgjast með frágangi svæðis eftir hátíðina.

Úrgangur, almenn þrif, tiltekt og umgengni á svæðinu:

Almennt virtust þessir þættir í sæmilegu lagi á hátíðinni. Við eftirlit var aldrei gengið fram á yfirfullar sortunnur á hátíðarsvæðinu. Rusl var þó nokkuð áberandi seinnipart dags, þá sérstaklega fyrir framan Gilmi sviðið. Nokkuð greinilegt að söfnunarferðir starfsmanna voru ekki nógu tíðar til að fyrirbyggja uppsöfnun á rusli. Einnig var safnstaður fyrir ruslapoka á óæskilegum stað, þ.e.a.s. v. innganginn inn á Miðgarðs svæðið, við salernin. Engin stubbahús voru til staðar nema á VIP svæði v. Ásgarð.

Heilbrigðiseftirlitinu hafa borist nokkrar kvartanir vegna umgengni frá íbúum í nágrenni við hátíðarsvæðið, m.a. um átroðning í görðum, rusl í görðum og á götum.

Umgengni og þrif á tjaldsvæði hátíðarinnar virtust almennt ágæt

- Hvað má betur fara:
 - Stubbahús þurfa að vera til staðar á fleiri svæðum en bara á VIP svæðinu.
 - Auka þarf fjölda þeirra sem safna rusli á svæðinu þar sem ljóst er að ekki náðist að fyrirbyggja uppsöfnun á rusli.
 - Ljóst er að þrifa verður utan hátíðarsvæðið jafn óðum á meðan hátíðin stendur yfir. Ekki dugar að það sé gert í lok hátíðar. Skilgreina þarf, í samstarfi við skrifstofu reksturs og umhirðu, það svæði sem hátíðin ber ábyrgð á umgengni á og tíðni ruslasöfnunar.
 - Finna þarf annan stað fyrir safnsvæði ruslapoka sem starfsmenn fylla. Það þarf að vera þar sem almenningur hefur ekki aðgang að.

Salernismál:

Færanlegar salerniseiningar voru víða um svæðið og varð ekki betur séð en að fjöldi þeirra væri almennt nægur miðað við fjölda hátíðargesta, þó að nokkur röð ætti það til að myndast á Ásgarðs svæðinu. Sápa/gerileyðir voru til staðar á stórum hluta salerniseininga en einnota handþurrkur voru hvergi til staðar. Almennt virtust þrif á þessum einingum í lagi og yfirleitt nægur salernispappír til staðar þó stöku undantekningar væru á því. Aðgengi fatlaðra var almennt ágætt að salernum fyrir utan eitt tilfelli þar sem girðing var of nálægt aðgöngurampi en girðing var færð eftir samtal við Egil verkstjóra.

Hársnyrting:

Farið var 16. júní og rætt við Þórberg. Búið var að setja upp aðstöðu og tvo stóla. Handlaug með rennandi vatni, fljótandi handsápu og handþurrkum. Bent var á að hengja upp starfsleyfi svo það væri sjáanlegt. Að öðru leit var aðstaða fullnægjandi.

Húðflúr:

Verið var að setja upp aðstöðu í húðflúrtjaldi er komið var í eftirlit 16. júní.

Komið var aftur 17. júní og var aðstaða fullnægjandi með rennandi vatni í handlaug og aðskilnaði áhorfenda frá vinnurými. Skoðuð var vinnuaðstaða sem var uppsett og í notkun. Fullnægjandi.

Hávaði og hljóðmælingar:

Allar hljóðmælingar á tónleikum voru innan hávaðamarka nema ein sem var tekin við litla sviðið Ask. Rætt var við DJ sem var að spila og var hann ekki með hljóðmæli og lækkaði hann hljóðstigið. Í seinni mælingu þá var hljóðstig innan hávaðamarka. Breytt uppsetning sviða virðist hafa haft jákvæð áhrif á hljóðstig sem barst frá hátíðarsvæði. Heilbrigðiseftirlitinu barst einnig kvörtun um að hávaði hafi verið mikill á tónleikum Gísla Pálma á sunnudeginum en þeir voru ekki mældir og því kvörtun ekki staðfest af heilbrigðisfulltrúum.

. Hvað má fara betur

- Ganga þarf úr skugga um að á hljóðmenn á öllum sviðum hafi aðgengi að hljóðmæli til að stilla af hljóðstig.

Hljóðmælingar:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerði hljóðmælingar á tónleikahátíðinni Secret Solstice sem var haldin dagana 15-18. júní 2017. Niðurstöður þeirra mælinga eru útlistaðar í eftirfarandi skýrslu. Mælt var við öll svið hátíðarinnar.

Aðferðir:

Stuðst var við leiðbeiningar sænska umhverfiseftirlitsins „*SP-INFO 2004:45 (rev. 2014): Mätning av höga ljudtrycksnivåer – Mätmetod för diskotek, konserter och andra arrangemang med publik, Del 1: Operativ tillsyn*“ eins og unnt var.

Eftirfarandi mælieiningar voru notaðar við mælingarnar:

- LAeq,ARR er jafngildishljóðstig með A-síu yfir stakan viðburð þar sem fólk er staðbundið.
- LAeq,15 er jafngildishljóðstig með A-síu yfir 15 mínútur
- LAfmax er hæsta hljóðbil, Fast (125 ms), með A-síu.
- LCpeak er hæsti hljóðtoppur með C-síu

Á samkomum eins og útihátíðum þar sem mörg atriði geta verið á mismunandi stöðum telst hvert atriði eða hver hljómsveit vera einn viðburður.

Notaðir voru tveir hljóðmælir. Annars vegar Brüel & Kjær 2250, sem hér eftir verður kallaður stærri mælir, og hins vegar Brüel & Kjær 4448, sem hér eftir verður kallaður minni mælir.

Uppsetning stærri mælis (B&K 2250):

Fyrir mælingu var mælirinn kvarðaður inni í bíl til að forðast hljóðmengun og var það gert með B&K 4321 kvarðara samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Þegar mælt var utandyra var notast við stormkúlu (B&K UA-1650) á hljóðnema og var leiðrétt fyrir henni í mælingum þegar hún var notuð. Hljóðnemi var tengdur mælinum með framlengingarsnúru og settur á þrífót í u.þ.b. 1,5 metra hæð. Gætt var þess að hljóðnemi væri ekki nær vegg en 0,5m til að koma í veg fyrir skekkju vegna endurkasts. Í tveimur mælingum var hljóðnemi tengdur beint við mælinn og haldið á honum í u.þ.b. sömu hæð. Mæling var ávallt gerð við hljóðblöndun (mixer).

Uppsetning minni mælis (B&K 4448):

Fyrir mælingu var mælirinn kvarðaður inni í bíl til að forðast hljóðmengun og var það gert með B&K 4321 kvarðara samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Hljóðmælir var klemmdur í hálsmál eða á öxl heilbrigðisfulltrúa sem gerði mælinguna. Reynt var að mæla á áhorfendasvæðinu þar sem hávaði er mestur skv. leiðbeiningum sænska umhverfiseftirlitsins.

Mælingarnar voru bornar saman við mörk fyrir hávaða á samkomum sbr. töflu 5 í reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Tafla V. Mörk fyrir hávaða á samkomum.			
	Jafngildishljóðstig	Hámarkshljóðstig	Hæsti hljóðtoppur
Samkomustaðir, útiskemmtanir og aðrir staðir þar sem fólk dvelur í skamman tíma	95 dB(A)	110 dB(A)	130 dB(C)
Samkomur sérstaklega ætlaðar börnum	90 dB(A)	105 dB(A)	125 dB(C)
Einstakir og sérstaklega hávaðasamir viðburðir á stöðum sem eru sérstaklega ætlaðir til tónleikahalds skv. sérstakri heimild í starfsleyfi	102 dB(A)	115 dB(A)	140 dB(C)

Niðurstöður:

Niðurstöður eru flokkaðar niður eftir tónleikastað, tjöldum, og Laugardalshöll.

Valhöll (útisvið)

Gerðar voru tvær hljóðmælingar á tónleikum FooFighters þann 16. júní frá kl. 21 annars vegar við mixer með stærri hljóðmælinum og hins vegar upp við sviðið með minni mælinum. Hljóðnemi stærri mælisins var á þrífæti í 1,5m hæð með vindvörn. Atriðið var mælt í heild sinni.

Niðurstöður hljóðmælinga:

Lengd hljóðmælinga: 1klst og 30mín.

LAeqARR	93.77	dB
LAFmax	106.95	dB
LCpeak	128.12	dB

Niðurstöður innan marka.

Askur (tjald)

Gerðar voru tvær hljóðmælingar á tónleikum þann 16. júní frá kl. 17 með stærri hljóðmælinum með vindvörn. Mælir var á þrífæti í 1,5m hæð fyrir framan svið.

Niðurstöður hljóðmælinga:

Fyrri mæling:

Lengd hljóðmælinga: 10 min og því ómarktæk en hljóðtoppar voru utan marka og var rætt við hljóðmann og lækkaði hann hljóðstyrk.

Seinni mæling:

Lengd hljóðmælinga: 15 min.

LAeq15min	92.10	dB
LAFmax	101.66	dB
Lcpeak	123.05	dB

Niðurstöður innan marka.

Barnasvið

Gerð var ein hljóðmæling við barnasviðið á meðan dj var að spila þann 16. með stærri hljóðmælinum með vindvörn. Mælir var á þrífæti í 1,5m hæð fyrir framan sið. Mælt var í 15.

Niðurstöður hljóðmælinga:

Lengd hljóðmælinga: 15 min.

LAeq15min	79.47	dB
LAFmax	88.62	dB
Lcpeak	114.74	dB

Niðurstöður innan marka.



Reykjavík, ágúst 2017

Umsögn og athugasemdir vegna Secret Solstice í júní

Tónlistarhátíðin Secret Solstice sem fram fór í Laugardalnum í júní 2017 hafði til umráða töluvert af æfingasvæði Þróttar í um tvær vikur. Svæðið sem um ræðir er svokallaður "Þríhyrningur" þar sem minna svið tónleikana var á og svo Valbjarnarvöllur þar sem stærstur hluti tónleikana fór fram. Bæði þessi svæði eru mikilvæg vegna knattspyrnuæfinga yngri flokka Þróttar yfir sumartímann en áætlað var að þessi svæði yrðu ekki nýtt til æfinga í u.þ.b. tvær vikur, þ.e. 10 daga fyrir tónleikana vegna undirbúnings og svo í nokkra daga eftir tónleikana vegna tiltektar á svæðinu.

Hátíðin fór vel fram á svæði félagsins og engar athugasemdir gerðar vegna undirbúnings eða framkvæmdar hátíðarinnar. Fjöldi fólks kom að undirbúningi og uppsetningu hátíðarinnar og gekk það vel fyrir sig.

Búið var að gera ráð fyrir því að svæðin yrðu ekki nýtt til æfinga frá 5. júní til 19. júní og voru gerðar ráðstafanir til þess að færa til æfingar og æfingatíma í samræmi við þá áætlun. Það er skemmst frá því að segja að þessi áætlun gekk engan veginn upp þar sem frágangur á svæðinu eftir tónlistarhátíðina tók mun lengri tíma en gert var ráð fyrir. Umgengnin á svæðinu var vægast sagt hræðileg og tiltekt og lagfæringar á völlum tóku alltof langan tíma. Illa gekk að ná sambandi við forsvarsmenn hátíðarinnar varðandi tiltekt á svæðinu og þegar náðist í þá forsvarsmenn þá voru viðbrögðin hæg og léleg. Embættismenn Reykjavíkurborgar brugðust þó skjótt við beiðnum Þróttar varðandi tiltekt og lagfæringar á svæðinu en mest áhersla var lögð á að lagfæra grasvellina fyrir Rey Cup knattspyrnuhátíðina sem fram fór í Laugardalnum 26. – 30. júlí.

Svæðið sem áætlað var að nýta til æfinga fyrir yngri flokka Þróttar frá og með 19. júní var ekki tekið í notkun fyrir æfingar fyrr en 26. júlí, þ.e. þegar Rey Cup hófst og aðeins nokkrum dögum fyrir mótið var enn verið að flytja búnað og rusl af svæðinu, meira en mánuði eftir að tónlistarhátíðinni lauk.

Verði af hátíðinni að ári þarf að leggja alla áherslu á og tryggt að gengið verði hratt og vel til verks við frágang eftir hátíðina, Laugardalurinn hreinsaður af rusli og búnaður allur fjarlægður, skemmdir verði lagfærðar og æfingasvæðið geti verið tilbúið til notkunar ekki seinna en viku eftir hátíðina. Sá tími sem leið þar til Þróttur gat nýtt svæðin að nýju varð til þess að álag á önnur æfingasvæði var alltof mikið og fer illa með vellina.

Virðingarfyllt,

Óttar S Edvardsson
framkvæmdastjóri Þróttar

Reykjavík 14. ágúst 2017

Umsögn stjórnar Íbúasamtaka Laugardals um Secret Solstice hátíðina 2017

Stjórn Íbúasamtaka Laugardals (ÍL) hefur tekið saman eftirfarandi umsögn til Reykjavíkurborgar vegna Secret Solstice hátíðarinnar sem var haldin í Laugardal þann 15. – 18. júní 2017. Hún er byggð m.a. á ábendingum frá íbúum en framkvæmd hátíðarinnar var rædd á aðalfundi ÍL stuttu eftir hátíðina.

Það er álit stjórnar að mikilvægt sé að framkvæmd hátíða af þessari stærðargráðu sé í stöðugri endurskoðun og að nauðsynlegt sé að taka tillit til sjónarmiða íbúa á svæðinu.

Íbúar voru ósáttir við nokkra grunnþætti í framkvæmd hátíðarinnar 2017 og verða þeir tíundaðir hér.


- Of stórt svæði í dalnum var tekið undir hátíðina í ár og sérstaklega var kvartað yfir lokun á göngustígnum eftir dalsbotninum í langan tíma.
- Hátíðardagana var álag mikið á aðlægni íbúðarbyggð einkum við Teiga, á bílastæðum í dalnum og á skóla- og leikskólalóðum þar sem hátíðargestir komu sér fyrir til áfengis- og vímuefnaneyslu. Þar var umgengni ábótavant og þríf ófullnægjandi.
- Flutningur tónlistar frá sviði á Valbjarnarvelli olli miklu ónæði fyrir íbúa við Laugarásveg, bæði hávaða og titringi á innanstokksmunum.
- Eftir hátíðina voru þríf í dalnum og aðlægni íbúðarbyggð og frágangur ófullnægjandi og gekk hægt. Viku eftir tónleika (á útskrift Háskóla Íslands) voru enn 12 ferðakamrar á gangstéttinni framan við Laugardalshöllina svo dæmi sé tekið.

Það er ósk stjórnar ÍL að þessar athugasemdir verði nýttar í skoðun á skipulagi viðburða í dalnum í framtíðinni en þykir þó einsýnt að þörf sé fyrir endurskoðun á framkvæmd þessarar hátíðar í nokkrum meginatriðum. Það er staðsetning hátíðarinnar í dalnum, takmörkun á stærð og tímasetning hennar, að borgin beri ábyrgð á þrífum innan hátíðarsvæðis og utan alla hátíðardagana og að huga þurfi að takmörkun á aðgangi í íbúðarbyggð aðlægt. Ennfremur þarf ítarlega vöktun alla hátíðardagana á hávaðamenguninni sem íbúum í nágrenninu er boðið upp á. Stjórnin hefur áður bent á að 4 hátíðardagar sé ekki æskileg lengd á hátíðinni og að það sé miður að hún bindi dalinn í þessari starfsemi á þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní enda þar með svæðið ónothæft fyrir aðra viðburði samtímis.

Þegar horft er til lengdar hátíðarinnar og fjölda gesta þá er viðburðurinn a.m.k. á pari við Þjóðhátíð í Eyjum hvað stærðargráðu varðar, en viðbúnaður lögreglu er ekki sambærilegur hvað varðar eftirlit t.d. með ölvunarakstri og er það miður.

Meðfylgjandi eru einnig fyrri umsagnir sem sendar voru vegna hátíðarinnar 2016 enda þar margt sem enn á við og hér hafa verið dregnir saman meginpunktar. Okkur er einnig kunnugt um að borist hafi punktar frá bæði Fb hóp í hverfinu og foreldrarölti sem var í gangi á meðan á hátíðinni stóð.

Fyrir hönd stjórnar Íbúasamtaka Laugardals,



Lilja Sigrún Jónsdóttir, formaður.



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Niðurstöður úr eldvarnaskoðun

Framkvæmd þann 16.6.2017

Fyrirtæki

Solstice Productions ehf.

Sólstöðuhátíð

Engjavegur 7, 104 Reykjavík

Tilvísun slökkviliðs

Mál nr. 17-2070

Skoðun nr. 72128

Skoðunarmaður: Einar Bergmann Sveinsson

Vakin er athygli á því að ekki er hægt að álíta eða gera ráð fyrir að skoðun eldvarnaeftirlits taki á öllum ágöllum á brunavörnum þeirrar fasteignar/mannvirkis eða lóðar sem skoðun þessi tekur til né að skoðunin sé tæmandi. Mögulegt er að ágallar á eldvörnum séu duldir, ekki augljósir eða að eldvarnaeftirlitinu yfirsjáist einhver atriði. Ekki er í öllum tilvikum stuðst við aðaluppdætti í eldvarnaskoðunum og því ekki víst að byggingin sé skoðuð samkvæmt samþykktum teikningum en þess í stað framkvæmd svokölluð sjónskoðun.


Skoðun eldvarnaeftirlitsins léttir ekki ábyrgð af eiganda og eftir atvikum umráðamanni fasteignar/mannvirkis eða lóðar, sem eftir sem áður ber(a) fulla ábyrgð á að eldvarnir séu til staðar, að þær taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma, að eldvarnir séu virkar og að haft sé með þeim reglubundið eftirlit, sbr. ákvæði 23. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Jafnframt ber eigandi ábyrgð á því að byggingin sé í samræmi við samþykktar teikningar.

Skráð: 15.6.2017 19:15

Flóttaleiðir

Baksviðs í Hell

- Í lagi



Skráð: 15.6.2017 19:15

Flóttaleiðir

Baksviðs í Hell

- Ógreiðfærar / flóknar



Skráð: 15.6.2017 23:26

Flóttaleiðir

Artista tjald við svið í Ásgarði

- Vantar



Skráð:

15.6.2017 19:21

Slökkvitæki

Við svið í Hell

- Í lagi



Skráð:

15.6.2017 19:27

Íkveikjuhætta / brunaálag

VIP í Hell

- Gera grein fyrir ágalla, sjá athugasemdir



Klæðningar eru úr brennanlegum efnum
Búið að skipta þeim út

Skráð:

15.6.2017 19:33

Íkveikjuhætta / brunaálag

Klæðning brennanleg efnið

- Gera grein fyrir ágalla, sjá athugasemdir



Íkveikjuhætta / brunaálag

Við Miðgarð

- Ruslasöfnun



Úti er fullt af ruslatunnum

Íkveikjuhætta / brunaálag

Hamborgarafabrikan við Ásgarð

- Gasbúnaður



Íkveikjuhætta / brunaálag

Artista tjald við svið í Ásgarði

- Gera grein fyrir ágalla, sjá athugasemdir





Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Niðurstöður úr eldvarnaskoðun

Framkvæmd þann 17.6.2017

Fyrirtæki

Solstice Productions ehf.

Sólstöðuhátíð

Engjavegur 7, 104 Reykjavík

Tilvísun slökkviliðs

Mál nr. 17-2070

Skoðun nr. 72135

Skoðunarmaður: Hörður Halldórsson

Vakin er athygli á því að ekki er hægt að álíta eða gera ráð fyrir að skoðun eldvarnaeftirlits taki á öllum ágöllum á brunavörnum þeirrar fasteignar/mannvirkis eða lóðar sem skoðun þessi tekur til né að skoðunin sé tæmandi. Mögulegt er að ágallar á eldvörnum séu duldir, ekki augljósir eða að eldvarnaeftirlitinu yfirsjáist einhver atriði. Ekki er í öllum tilvikum stuðst við aðaluppdrætti í eldvarnaskoðunum og því ekki víst að byggingin sé skoðuð samkvæmt samþykktum teikningum en þess í stað framkvæmd svokölluð sjónskoðun.

Skoðun eldvarnaeftirlitsins léttir ekki ábyrgð af eiganda og eftir atvikum umráðamanni fasteignar/mannvirkis eða lóðar, sem eftir sem áður ber(a) fulla ábyrgð á að eldvarnir séu til staðar, að þær taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma, að eldvarnir séu virkar og að haft sé með þeim reglubundið eftirlit, sbr. ákvæði 23. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Jafnframt ber eigandi ábyrgð á því að byggingin sé í samræmi við samþykktar teikningar.

Skráð:

16.6.2017 14:37

Flóttaleiðir

- Læst / Flókin opnun

Við stjórnstöðvargám hjá KSÍ

Lagað á staðnum



Dyr í merktum flóttaleiðum mega ekki vera lykillæstar.

Skráð:

16.6.2017 14:56

Flóttaleiðir

- Læst / Flókin opnun

Við KSÍ

Lagað á staðnum



Dyr í merktum flóttaleiðum mega ekki vera lykillæstar.

Skráð:

16.6.2017 14:58

Flóttaleiðir

- Gera skal grein fyrir ágalla, sjá athugasemdir

Við World Class



Bílar inni á svæðinu.

Skráð:

16.6.2017 15:06

Flóttaleiðir

- Vantar

Artista tjald við svið í Ásgarði

Lagað á staðnum



Einungis X1 flóttaleið

Skráð:

16.6.2017 20:11

Flóttaleiðir

- Læst / Flókin opnun

Hlið 13

Lagað á staðnum



Ekki má nota flókin búað við opnun/lokun á hurðum í flóttaleiðum.

Skráð:

16.6.2017 20:17

Flóttaleiðir

- Læst / Flókin opnun

Hlið 12

Lagað á staðnum



Fest aftur með strappi

Skráð:

16.6.2017 14:47

Notkun og öryggi

Kort af svæðinu

- Í lagi



Skráð:

16.6.2017 15:08

Leiðarlýsing

Artista tjald við svið í Ásgarði

- Vantar

Lagað á staðnum



Einungis X1 flóttaleið, engin leyðarljós, leiðarmerkingar.

Skráð:

16.6.2017 15:18

Íkveikjuhætta / brunaálag

Bar við Ásgarð

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Skráð:

16.6.2017 15:24

Íkveikjuhætta / brunaálag

VIP bar við Ásgarð

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Skráð:

16.6.2017 22:41

Íkveikjuhætta / brunaálag

Bar við Ásgarð

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Skráð:

16.6.2017 22:42

Íkveikjuhætta / brunaálag

Bar við Ásgarð

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Skráð:

16.6.2017 22:51

Íkveikjuhætta / brunaálag

Bar við Ásgarð

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Skráð:

16.6.2017 22:56

Íkveikjuhætta / brunaálag

Miðgarður

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Skráð:

16.6.2017 23:25

Íkveikjuhætta / brunaálag

Bar við Miðgarð

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Skráð:

16.6.2017 15:35

Slökkvitæki

Salmon Wagon við barnasvæði (Bifröst)

- Vantar

Lagað á staðnum



Slökkvitæki vantar þar sem tæki á að vera.

Djúpsteikingarpottur og steiking með rafmagni

Skráð:

16.6.2017 15:37

Slökkvitæki

Atlantsolíubíll við barnasvæði (Bifröst)

- Vantar



Slökkvitæki vantar þar sem tæki á að vera.
Þessi sölubíll var aldrei opnaður.

Skráð:

16.6.2017 16:08

Slökkvitæki

Fabrikjan í Ásgarði

- Gera grein fyrir ágalla, sjá athugasemdir

- Skal yfirfara / prófa



Tæki fest með strappa.

Þarf að yfirfara.

Skráð: 16.6.2017 15:48

Leyfi

Bifröst, 66N

- Rekstrarleyfi sýslumanns



Bíll ekki merktur inn á teikningu.

Skráð: 16.6.2017 15:52

Leyfi

Bifröst

- Rekstrarleyfi sýslumanns



Tjald ekki merkt inn á teikningu.
Bíll ekki merktur inn á teikningu.

Skráð: 16.6.2017 20:07

Leyfi

Við hlið 16 (Bifröst)

- Rekstrarleyfi sýslumanns

Lagað á staðnum



Bíll inni á svæðinu.

Leyfi

Við hlið 22 (Miðgarður)

- Rekstrarleyfi sýslumanns



Bíll inni á svæðinu.



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Niðurstöður úr eldvarnaskoðun

Framkvæmd þann 18.6.2017

Endurkoma

Fyrirtæki

Solstice Productions ehf.

Sólstöðuhátíð

Engjavegur 7, 104 Reykjavík

Tilvísun slökkviliðs

Mál nr. 17-2070

Skoðun nr. 72143

Skoðunarmaður: Einar Bergmann Sveinsson

Vakin er athygli á því að ekki er hægt að álíta eða gera ráð fyrir að skoðun eldvarnaeftirlits taki á öllum ágöllum á brunavörnum þeirrar fasteignar/mannvirkis eða lóðar sem skoðun þessi tekur til né að skoðunin sé tæmandi. Mögulegt er að ágallar á eldvörnum séu duldir, ekki augljósir eða að eldvarnaeftirlitinu yfirsjáist einhver atriði. Ekki er í öllum tilvikum stuðst við aðaluppdrætti í eldvarnaskoðunum og því ekki víst að byggingin sé skoðuð samkvæmt samþykktum teikningum en þess í stað framkvæmd svokölluð sjónskoðun.

Skoðun eldvarnaeftirlitsins léttir ekki ábyrgð af eiganda og eftir atvikum umráðamanni fasteignar/mannvirkis eða lóðar, sem eftir sem áður ber(a) fulla ábyrgð á að eldvarnir séu til staðar, að þær taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma, að eldvarnir séu virkar og að haft sé með þeim reglubundið eftirlit, sbr. ákvæði 23. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Jafnframt ber eigandi ábyrgð á því að byggingin sé í samræmi við samþykktar teikningar.

Skráð:

15.6.2017 19:15

Flóttaleiðir

Baksviðs í Hell

- Ógreiðfærar / flóknar



Skráð:

15.6.2017 23:26

Flóttaleiðir

Artista tjald við svið í Ásgarði

- Vantar



Skráð:

17.6.2017 19:56

Flóttaleiðir

Fyrir utan Hell

- Ógreiðfærar / flóknar




Skráð: 17.6.2017 20:03

Flóttaleiðir

Baksviðs í Hell

- Of litlar / þröngar
- Ógreiðfærar / flóknar



Rusl í flóttaleið baksviðs

Skráð: 17.6.2017 20:07

Flóttaleiðir

Baksviðs í Hell

- Ógreiðfærar / flóknar



Grindur eru ekki tilbúnar

Skráð: 15.6.2017 19:27

Íkveikjuhætta / brunaálag

VIP í Hell

- Gera grein fyrir ágalla, sjá athugasemdir



Klæðningar eru úr brennanlegum efnum
Búið að skipta þeim út

Skráð: 15.6.2017 19:33

Íkveikjuhætta / brunaálag

Klæðning brennanleg efnið

- Gera grein fyrir ágalla, sjá athugasemdir



Skráð: 15.6.2017 21:07

Íkveikjuhætta / brunaálag

Við Miðgarð

- Ruslasöfnun



Úti er fullt af ruslatunnum

Skráð: 15.6.2017 23:17

Íkveikjuhætta / brunaálag

Hamborgarafabrikan við Ásgarð

- Gasbúnaður



Skráð:

15.6.2017 23:25

Íkveikjuhætta / brunaálag

Artista tjald við svið í Ásgarði

- Gera grein fyrir ágalla, sjá athugasemdir



Skráð:

17.6.2017 19:45

Íkveikjuhætta / brunaálag

Miðgarður

- Ruslasöfnun



Skráð:

17.6.2017 20:00

Íkveikjuhætta / brunaálag

Fyrir utan Hell

- Vökvar og olíur



Skráð:

17.6.2017 20:10

Íkveikjuhætta / brunaálag

Bar í Hell

- Ruslasöfnun



Skráð:

17.6.2017 20:25

Íkveikjuhætta / brunaálag

Tjaldi við svið í Ásgarði

- Ruslasöfnun



Skráð:

17.6.2017 21:27

Íkveikjuhætta / brunaálag

VIP tjald við aðalsvið í Ásgarði

- Ruslasöfnun



Skráð:

17.6.2017 23:11

Íkveikjuhætta / brunaálag

Við Hell

- Ruslasöfnun



Skráð:

17.6.2017 20:28

Notkun og öryggi

Front of the house í Miðgarði

- Ekki samkvæmt teikningum



Skráð:

17.6.2017 20:33

Notkun og öryggi

Bifröst

- Ekki samkvæmt teikningum



Bílar ekki á þeim stað sem teikning segir til um

Skráð: 17.6.2017 20:36

Notkun og öryggi

Miðsvæðið

- Gera grein fyrir ágalla, sjá athugasemdir



Skráð: 17.6.2017 20:37

Notkun og öryggi

Ásgarður

- Gera grein fyrir ágalla, sjá athugasemdir



Fjöldi fólks á svæðinu kl 20.30

Skráð: 17.6.2017 21:32

Notkun og öryggi

Ásgarður

- Hættuleg notkun



Svæðið kl 21:30

Notkun og öryggi**Hell**

- Í lagi



VIP 1120

Fjöldi hurð sem var lokað 1120

Slökkvitæki**Matartrúkkur fyrir utan**

- Vantar



Slökkvitæki vantar og geta ekki gert grein fyrir leyfi trukksins



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Niðurstöður úr eldvarnaskoðun

Framkvæmd þann 19.6.2017

Endurkoma #2

Fyrirtæki

Solstice Productions ehf.

Sólstöðuhátíð

Engjavegur 7, 104 Reykjavík

Tilvísun slökkviliðs

Mál nr. 17-2070

Skoðun nr. 72156

Skoðunarmaður: Einar Bergmann Sveinsson

Vakin er athygli á því að ekki er hægt að álíta eða gera ráð fyrir að skoðun eldvarnaeftirlits taki á öllum ágöllum á brunavörnum þeirrar fasteignar/mannvirkis eða lóðar sem skoðun þessi tekur til né að skoðunin sé tæmandi. Mögulegt er að ágallar á eldvörnum séu duldir, ekki augljósir eða að eldvarnaeftirlitinu yfirsjáist einhver atriði. Ekki er í öllum tilvikum stuðst við aðaluppdrátti í eldvarnaskoðunum og því ekki víst að byggingin sé skoðuð samkvæmt samþykktum teikningum en þess í stað framkvæmd svokölluð sjónskoðun.

Skoðun eldvarnaeftirlitsins léttir ekki ábyrgð af eiganda og eftir atvikum umráðamanni fasteignar/mannvirkis eða lóðar, sem eftir sem áður ber(a) fulla ábyrgð á að eldvarnir séu til staðar, að þær taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma, að eldvarnir séu virkar og að haft sé með þeim reglubundið eftirlit, sbr. ákvæði 23. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000. Jafnframt ber eigandi ábyrgð á því að byggingin sé í samræmi við samþykktar teikningar.

Skráð: 16.6.2017 14:58

Flóttaleiðir

- Gera skal grein fyrir ágalla, sjá athugasemdir

Bílastæði við World Class



Bílar inni á svæðinu.

Skráð: 18.6.2017 17:22

Flóttaleiðir

- Læst / Flókin opnun

Hlið 12

Lagað á staðnum



Fest með strappa

Skráð: 18.6.2017 17:33

Flóttaleiðir

- Fastar / stífar

Hlið 13

Lagað á staðnum



Fest með strappa

Flóttaleiðir

Hlið við KSÍ

- Gera skal grein fyrir ágalla, sjá athugasemdir



Ekki mannað frá opnun og fram á kvöld

Íkveikjuhætta / brunaálag

Bar við Ásgarð

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Íkveikjuhætta / brunaálag

VIP bar við Ásgarð

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Skráð: 16.6.2017 22:41

Íkveikjuhætta / brunaálag

Bar við Ásgarð

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Skráð: 16.6.2017 22:42

Íkveikjuhætta / brunaálag

Bar við Ásgarð

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Skráð: 16.6.2017 22:51

Íkveikjuhætta / brunaálag

Bar við Ásgarð

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Íkveikjuhætta / brunaálag

Miðgarður

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Íkveikjuhætta / brunaálag

Bar við Miðgarð

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Íkveikjuhætta / brunaálag

Bar við enda vallar í Ásgarð

- Ruslasöfnun



Ruslasöfnun innan- sem utandyra sem skapað getur aukna eldhættu skal haldið í lágmarki.

Slökkvitæki**Atlantsolíubíll við barnasvæði (Bifröst)**

- Vantar



Slökkvitæki vantar þar sem tæki á að vera.
Þessi sölubíll var aldrei opnaður.

Slökkvitæki**Fabrikjan við Ásgarð**

- Gera grein fyrir ágalla, sjá athugasemdir **Lagað**

- Skal yfirfara / prófa **Lagað**



Tæki fest með strappa
þarf að yfirfara

Leyfi**Bifröst, 66N**

- Rekstrarleyfi sýslumanns



Tjald ekki merkt inn á teikningu.
Bíll ekki merktur inn á teikningu.

Skráð: 16.6.2017 15:52

Leyfi

Bifröst

- Rekstrarleyfi sýslumanns



Tjald ekki merkt inn á teikningu.
Bíll ekki merktur inn á teikningu.

Skráð: 16.6.2017 21:37

Leyfi

Miðgarður, 22

- Rekstrarleyfi sýslumanns



Bíll inni á svæðinu

Skráð: 18.6.2017 17:27

Leyfi

Bifröst

- Rekstrarleyfi sýslumanns



Búið að færa x2 matarvagna úr stað, neðar í brekkuna.
Ekki samkvæmt teikningu.

Leyfi

Bifröst

- Rekstrarleyfi sýslumanns



Búið að færa x2 matarvagna úr stað, neðar í brekkuna.
Ekki samkvæmt teikningu.
Bíll á svæðinu

Leyfi

Miðgarður

- Rekstrarleyfi sýslumanns



Bílar inni á svæðinu

Leyfi

Sölubás við Ásgarð

- Rekstrarleyfi sýslumanns



Bíll inni á svæðinu

Skráð: 18.6.2017 18:08

Leyfi

Við Ásgarð

- Rekstrarleyfi sýslumanns



Bílar inni á svæðinu

Skráð: 18.6.2017 18:27

Leyfi

Hlið J

- Rekstrarleyfi sýslumanns



Bíll inni á svæðinu

Skráð: 18.6.2017 19:10

Leyfi

Bílastæði við World Class

- Rekstrarleyfi sýslumanns



Bílar inni á svæðinu

Leyfi**Bílastæði við World Class**

- Rekstrarleyfi sýslumanns



Bílar inni á svæðinu

Eldvarnahurðir**Hurð við búningsklefa í Hell**

- Lokast ekki tryggilega



Hurð lokað/haldið opinni, vegna læsinga, eingöngu hægt að opna með lykkli frá þessari hlið. Því var hurðinni ekki lokað rétt.

Eingöngu artistar fóru þarna í gegn.

Starfsmaður vaktaði hurðina.

Minnisblað vegna Miðbæjarathvarfs í tengslum við tónlistarhátíðina Secret Solstice í júní 2017

Miðbæjarathvarf er samstarfsverkefni Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (frístundadeild), Velferðasviðs Reykjavíkurborgar og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Markmið starfsins er að vinna samkvæmt 92. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002, og 1. og 36. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Hlutverk þess er að stemma stigu við að börn séu eftirlitslaus úti eftir lögboðinn útivistartíma og að vinna gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna meðal barna og ungmenna.

Gönguhópar lögreglu og félagsmiðstöðvastarfsmanna voru starfandi í Laugardalnum frá 15. – 18. júní. Því til viðbótar var starfandi athvarf í Laugardalslauginni föstudaginn 16. júní og sunnudaginn 18. júní. Þetta er í fyrst skipti sem formlegt athvarfsstarf er í tengslum við tónlistarhátíðina.

Eitt barn kom í athvarf hvort kvöld sökum ölvunar og annað kvöldið kom auk þess einstaklingur á 19 ári sökum ölvunar. Lögreglan færði 2 unglunga af hátíðarsvæðinu þann 15. júní vegna ölvunar. Gönguhópar sinntu einnig unglingum á hátíðarsvæðinu án þess að færa þau í athvarf þar til hátíðarsvæðinu var lokað.

Nokkuð var um unglunga á hátíðarsvæðinu sem höfðu ekki aldur til að var þar og töluvert af unglingum voru undir áhrifum vímuefna inni á hátíðinni. Virtust unglingar eiga auðvelt með að nálgast áfengi inni á hátíðarsvæðinu. Þó nokkur erill var hjá lögreglu á tónlistarhátíðinni og var það helst vegna ölvunar og fíkniefnamála. Upp komu hátt í 50 fíkniefnamál sem talsverð vinna fór í.

Það er mat undirritaðara að hátíðarsvæði hafi verið allt of stórt, auka þurfi eftirlit með sölu áfengis á hátíðinni ásamt því að auka gæslu á svæðinu sem og þjálfunar þeirra sem sinntu gæslu á staðnum. Á kynningarfundum viðbragðsaðila fyrir hátíðina var sagt frá handbók um gæslu og viðbrögð við upptökum, svo virtist sem starfsmenn hátíðarinnar hafi ekki þekkt til þessarar bókar. Telja undirrituð mikilvægt að hugað sé að öryggi og forvörnum unglunga í tengslum við svona stóra viðburði í Reykjavík.

28. júní 2017

Guðmundur Sigmundsson, Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu
Guðrún Halla Jónsdóttir, Miðgarður, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness
Rafn Hilmar Guðmundsson, Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu
Þorsteinn V. Einarsson, Tjörnin, frístundamiðstöð

Reykjavík 3. október 2017

SAMANTEKT

Secret Solstice 2017

Skrifstofa reksturs og umhirðu (SRU)

Umhverfis – og skipulagssvið (USK m.t.t. 2016)

Fram að tónleikahaldinu í ár hefur Umhverfis – og skipulagssvið (USK) haft forgöngu um utanumhald með leyfisveitingum og margvíslegt samráð vegna tónleikahalds Secret Solstice á vegum Solstice Production ehf. Skrifstofa reksturs og umhirðu (SRU) heyrir undir USK og fer með leyfisveitingar fyrir tímabundnum afnotum af borgarlandi svo og veghaldi borgarinnar. Auk þess annast SRU hreinsun borgarlandsins.

Ferli leyfisveitinga og stjórnsýslumeðferðar þ.a.l. vegna tónleikahaldsins hefur verið viðamikil verkefni m.t.t. að um einn viðburð er að ræða. Hér í framhaldi er það helsta tilgreint þ.a.l. frá upphafi fyrsta tónleikahalds og til og með Secret Solstice 2016.

Áður en til formlegra leyfisveitinga kom fékk umsókn tónleikahaldara umfjöllun innan USK, haldnir voru samráðsfundir USK og fjölda hagsmunaaðila auk funda með hverfaráði og íbúasamtökum Laugardals. Í framhaldi af því var umsógn sviðsins (USK) lögð fyrir umhverfis – og skipulagsráð. Eftir að samþykki ráðsins lá fyrir var umsógnin lögð fyrir borgarráð sem síðan tók afstöðu á þeim grunni til tónleikahaldsins (samþykkt). Heildarumsjón með viðburðinum f.h. borgarinnar var hjá verkefnastjóra leyfisveitinga borgarlands.

Breyting varð á framangreindu ferli vegna tónleikahalds Secret Solstice 2017 með gerð samnings milli Reykjavíkurborgar og Solstice Production ehf. s.l. sumar og lagður var fyrir borgarráðs þann 9. maí s.l. Á grunni samningsins voru gerðir miðlægir samningar við viðkomandi aðila er hlut eiga að máli. Forganga um vinnu við gerð samningsins var á hendi sviðstjóra ÍTR.

Leyfisveiting afnot af borgarlandi

Svo dæmi sé tekið vegna tónleikahaldsins 2016 þá voru gefin út tvö afnotaleyfi SRU nr. 201606360 og nr. 201606349. Í afnotaleyfunum komu fram skilyrði fyrir afnotum af borgarlandi auk afstöðumynda og teikninga og korta af tónleikasvæðinu og nánasta umhverfi þess. Þá var sérstök vinna lögð í svokallaða „merkingu vinnusvæða“ þ.e. hvernig staðið er að umferðarflæði og vegmerkingum að og frá svæðinu og fyrirkomulagi göngu – og hjólastíga innan svæðis. Teikning þ.a.l. er hluti afnotaleyfis.

USK/SRU bárust tilmæli frá ríkislögreglustjóra og LRH í vor um að settar væru upp svokallaðar „Þungar lokanir“ á aðkomuleiðum þar sem mannfjöldi safnaðist saman. Ástæða þess eru þau hryðjuverk sem framin hafa verið erlendis með því að bifreiðum hefur verið ekið inn í mannfjölda. Á grundvelli þess setti SRU upp þungar lokanir þar sem það átti við í samráði við lögreglu. Annars vegar var um að ræða fastar lokanir (steinblokkir) og hins vegar hreyfanlegar lokanir (mannaðar bifreiðar).

Undirritaður ásamt Ómari Einarssyni sviðstjóra ÍTR hafa mætt á fundi hverfaráðs Laugardals vegna tónleikahaldsins 2017 þann 26. september og 28. nóvember 2016 og 30. janúar 2017.

Gott samráð hefur verið milli USK, SRU og ÍTR vegna tónleikahaldsins og breytinga m.t.t. samnings borgarinnar við tónleikahaldara.

Auk þess kom SRU að samráðsfundum með lögreglu, slökkviliði, strætó bs. auk fjölda annarra aðila er málið varðaði eins og sérfræðinga frá Mannvit vegna umferðamerkinga og Knattspyrnufélagsins Þróttar.



Ábendingar varðandi hreinsun borgarlands í nágrenni tónleikasvæðis

Byggt á samantekt Atla Marels deildarstjóra vestursvæðis hverfastöðva USK/SRU.

Svæðið var skipulagt þannig að tónleikahaldari átti svokallað "innra svæði" sem þeir sinntu á meðan hátíðin var í gangi, starfsmenn borgarinnar sinntu jaðrinum á því svæði að morgni föstudags, laugardags, sunnudags og mánudags.

Umhirða gekk vel hjá tónleikahöldurum og stóðu þeir vaktina vel þá daga sem hátíðin var í gangi. Hins vegar var töluverð brotalöm að morgni mánudags og var svæðið ekki þrifið fyrir en seint á þeim degi, töluvert rusl fauk þá á borgarlandið svo og voru glerbrot á skólalóðum og battvelli skólalóðar. Töluvert var um kvartanir íbúa og starfsmanna frístundaheimila í grenndinni vegna þessa. Rekstur og umhirða þurfti t.d. að kalla til verktaka til að hreinsa glerbrot af battvelli við Laugasel. Eitthvað var um grasskemmdir á svæðinu sjálfu sem SRU lagfærir út í reikning tónleikahaldara. Hér mætti skoða það nánar að ákveðin svæði verða alltaf fyrir þessum skemmdum og ef hátíðin er komin til að vera á þessu svæði þá þyrfti að huga að því að styrkja fyrirfram ákveðin svæði til að fyrirbyggja svona skemmdir. Einnig mætti hugsa sér að SRU myndi fara yfir svæðið með það að leiðarljósi að auðvelda aðgengi stórra tækja inn á svæðið t.d. klippa gróður svo bílar þurfi ekki að fara útaf stígum til að komast leiðar sinnar. Þríf eftir hátíðina var heldur sein á bílastæðum við Laugardalsvöllinn og þurfti að kalla tónleikahaldara í úttekt á þessu, ekkert stórmál, en reyna að hafa þessi smáatriði í lagi því þá eru allir glaðir.

Til áréttingar af hálfu USK/SRU:

1. USK hefur lagt á það áherslu að Laugardalurinn í Reykjavík hefur á sér ímynd fegurðar og friðsældar jafnhliða því að gegna mikilvægu hlutverki sem eitt aðal útivistarsvæði almennings og þess að vera hjarta íþróttstarfsemi í landinu. USK telur mikilvægt að vandað sé til við allar ákvarðanir um viðburðahald eða uppbyggingu Dalsins m.a. með vísan til framangreinds.
2. Tryggja þarf að umfjöllun og umsókn um afnotaleyfi berist tímanlega fyrir tónleikahaldinu (tímanlega að hausti) svo allt ferli umfjöllunar og samráðs verði eins og góð stjórnsýsla kveður á um.
3. Vegna umfangs og áhrifa viðburðarins á nærumhverfi (útitónleikahald við íbúðabyggð í 4 daga) þurfa allar áætlanir tónleikahaldara að liggja fyrir að hausti og aðrar ráðstafanir hljóta samþykki viðkomandi stofnana Reykjavíkurborgar. Um er að ræða m.a. áætlun um afmörkun – og skipulag svæðis, öryggisáætlun og hreinsunar – og umhirðuáætlun.
4. Tryggja verður betur samfellu í hreinsun svæðisins þ.e. á meðan á tónleikahaldi stendur og einnig eftir því er lokið daglega. Einnig að hreinsun og frágangur eigi sér stað strax að afloknu tónleikahaldi. Til álita getur komið að SRU annist hreinsun utan tónleikasvæðis á kostnað leyfishafa.

Lögð er áhersla á að framangreindum atriðum verði fylgt eftir m.t.t. áframhaldandi leyfisveitinga USK/SRU fyrir tónleikahaldi Secret Solstice.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Vignir Óskarsson
verkefnastjóri leyfisveitinga borgarlands

-----Upphaflegt skeyti-----

From: Hjörtur Þorbjörnsson

Sent: 4. ágúst 2017 13:15

To: Ómar Einarsson

Afrit: Guðmundur Benedikt Friðriksson; Þórólfur Jónsson

Subject: SV: Tónleikar

Sæll vertu

Við lokuðum öllum hliðum Grasagarðsins. Starfsmenn okkar opnuðu þau klukkan 10 og sáu til þess að allt væri með eðlilegum og snyrtilegum hætti. Starfsmenn garðsins komu líka klukkan 10 á kvöldin, tæmdu garðinn og lokuðu hliðum. Secret Solstice voru með næturverði í Grasagarðinum þær nætur sem hátíðin stóð yfir. Samskipti okkar við starfsmenn Secret Solstice voru með ágætum þegar þeim loks var komið á og tel ég þessa næturvörslu vera nauðsynlega. Garðurinn er að öllu jöfnu ekki lokaður á nóttinni og girðingar halda ekki þeim sem ætla sér að stökkva yfir þær.

Starfsfólk garðsins tekur eftir breytingum á notkun garðsins (og í raun dalsins) vikurnar fyrir hátíðina. Ég vil meina að ákveðin sala sem ef til vill áður dreifðist á bílastæði í dalnum er komin á bekki og íverusvæði Grasagarðsins. Í fyrra tókum við eftir fólki sem sat á bekkjum sem jafnvel voru í skugga og dvöldu þar langtímum. Eitthvað hefur verið um að starfsfólk kaffihússins taki eftir stórum seðlabúntum dregin upp úr vösum við borgun kaffibolla og lykt af hassreykingum skýtur upp kollinum hingað og þangað. Smáskammtapokar eru á víð og dreif og við höfum að minnsta kosti gert tvo felustaði fíkniefna upptæka. Eftir hátíðina heldur fólk áfram að sækja á undarlega staði í garðinum, dvelja í rjóðrum og safnast á staði sem gjarnan eru úr alfaraleið.

Ég verð einnig að fá að koma því að að mér finnst ut anumhald og verkefnisstjórn af hálfu Reykjavíkurborgar verða að vera sterkari, a.m.k. hvað aðra starfsemi í dalnum varðar. Ég hafði engar upplýsingar fengið af hálfu Reykjavíkurborgar um hátíðina fyrr en 7-8 dögum áður en hátíðin hófst, þrátt fyrir bréfaskriftir og fyrirspurnir. Ut anumhald og verkefnastjórn Reykjavíkurborgar í kringum tónleikahaldið hlýtur að þurfa að taka mið af því að þjóna íbúum og frístundastarfi hér í dalnum. Upplýsingafundur hafa nær allir verið tilkynningafundur þar sem starfsfólk, frístundastarfi og íbúum dalsins er tilkynnt um hvernig hlutirnir verða. Erfitt er að fá tilfinningu fyrir því að í raun sé verið að hlusta á það sem maður segir. Þetta árið sagði ég fátt heldur sóttist eftir því að hafa bein samskipti við tónleikahaldara (sem hafa yfirleitt eru með ágætum).

Með kveðju

Hjörtur Þorbjörnsson

Director / Forstöðumaður

Hortus Botanicus Reykjavicensis / Grasagarður Reykjavíkur

Tel: +354 411 8651, Mobile: +354 692 1645 hjortur.thorbjornsson@reykjavik.is

<http://www.grasagardur.is/>

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Skrifstofa náttúru og útivistar

<http://www.umhverfissvid.is/>

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Umsögn Hverfisráðs Laugardals um Secret Solstice hátíðina sem haldin var í Laugardalnum 15.-18. júní 2017.

1. Leggjum mikla áherslu á að hátíðin verði aftur þrír dagar en ekki fjórir.
2. Hátíðarsvæðið innan girðingar var of stórt til þess að hægt væri að hafa nægjanlegt eftirlit með því sem fram fram fór innan þess. Einnig lokuðust göngustígar sem íbúar kvörtuðu yfir.
3. Kannaðar verði nánar hugmyndir um lokanir á umferð á meðan á hátíðinni stendur t.d. um Engjaveg.
 - a. Samið verði við Strætó um aukaferðir í austur og vestur á helstu álagstímum á meðan á hátíðinni stendur.
4. Svæðið sem að tónleikahaldarar bera sjálfir ábyrgð á verði minna og bara innan girðingar. Borgin og starfsmenn hennar sjái um alla ruslatíslu og þrif í hverfinu utan girðingar. Mikilvægt er að þetta sé gert jafnóðum á meðan hátíðinni stendur en ekki bara í lok hennar. Tónleikahaldarar greiði borginni fyrir þessa vinnu
 - a. Sérstaklega verði þess gætt að leiksvæði og skólalóðir séu hreinsaðar fyrir mánudagsmorgun.
 - b. Vekjum athygli á ítrekuðum athugasemdum slökkvuliðs höfuðborgarsvæðisins varðandi of mikla ruslasöfnun sem skapar eldhættu
 - c. Tekið er undir þessar athugasemdir og ábendingar Heilbrigðiseftirlits:
 - i. Stubbahús þurfa að vera til staðar á fleiri svæðum en bara í VIP svæðinu
 - ii. Auka þarf fjölda þeirra sem safna rusli á svæðinu til að fyrirbyggja of mikla uppsöfnun á rusli
 - d. Tekið er undir ábendingar í umsögn USK að styrkja þurfi fyrirfram ákveðin grassvæði til þess að forða þeim frekar undan skemmdum á meðan hátíðinni stendur.
5. Tryggt verði betur heldur en í ár að laga skemmdir, flýta þrifum og frágangi á svæðinu eftir að hátíð lýkur.
 - a. Mikilvægt að Þróttur geti staðið við að hefja æfingar á svæðinu á þeim tíma sem ákveðin er í samkomulaginu við tónleikahaldara.
 - i. Í ár átti að hefja æfingar yngri flokka á „Þríhyrningnum“ 19. júní en það var ekki hægt fyrr en 26. júní.
 - ii. Nokkrum dögum fyrir Rey Cup eða meira en mánuði eftir hátíðinni lauk var ennþá verið að flytja búnað af svæðinu og ganga frá rusli.
 - iii. Skemmdir á grasi á svæðinu verði lagaðar þannig að hægt sé að nota það til æfinga ekki síðar en viku eftir að hátíðinni lýkur.
 - iv. Dagsektum verði beitt ef ekki verði staðið við þessi atriði að hálfu tónleikahaldara.
6. Mikilvægt að auka eftirlit með að aldurstakmörkunum inná hátíðina, 18. ár, sé framfylgt og að ungmennum yngri en 20 ára sé ekki selt áfengi inni á hátíðinni.
7. Hverfagæsla sé til staðar á ákveðnum stað sem eru næst hátíðinni m.a. Sigtúni, Laugateig, Hofteig osfrv. Sérstaklega sé hugað að álagspunktum t.d. þegar útítónleikum er lokið kl. 23:30 og þessi svæði þá vöktuð á þessum tíma þegar fólk streymir út af svæðinu og í gegnum þessa hverfahluta

8. Útikömrur á svæðinu verði fjölgað og þeim einnig komið fyrir utan við svæðið t.d. á bílstæðunum við stúkuna á Laugardalsvelli.
9. Hátíðin verði ekki fjölmennari heldur en gildandi leyfi segir til um.
10. Auka þarf samvinnu lögreglu, félagsmiðstöðva og foreldraröls á meðan hátíðinni stendur
 - a. Athvarf fyrir unglunga í vanda verði staðsett inná hátíðinni en ekki fyrir utan.
 - b. Afar mikilvægt að félagsmiðstöðvarnar í hverfinu séu með vakt eins og var gert núna í ár
11. Að tryggt sé að settum hávaðatakmarkunum sé framfylgt og að allir hljóðmenn á öllum sviðum hafi aðgang að hljóðmælum.
12. Tekið er undir áréttingar af hálfu USK og SRU að tryggja þurfi „.....að umfjöllun og umsóknir um afnotaleyfi fyrir tónleikana berist tímanlega svo að allt ferli umfjöllunnar og samráðs verði eins og góð stjórnsýsla kveður á um.”

Að þessu sögðu þá erum við ekki á móti því að þessi hátíð sé haldin í Laugardalnum en teljum mjög mikilvægt að þess verði gætt að hálfu borgarinnar og tónleikarahaldarar að taki tillit til þessara athugasemda.

Samþykkt einróma á fundi Hverfisráðs Laugardals 30. október 2017

Heiðar Ingi Svansson, formaður Hverfisráðs Laugardals

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2017, mánudaginn 28. ágúst 2017 kl. 16.00 var haldinn 155. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis við Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Bjarni Jónsson, Kristín Elfa Guðnadóttir Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir formaður Íbúasamtaka Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri þekkingarstöðvar ÞLH sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá umhverfis – og skipulagssviði dags. 18. júlí 2017 varðandi breytingar á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 2. Í breytingunni felst að auka byggingarmagn neðanjarðar. Samþykkt að senda svohljóðandi fyrirspurn til umhverfis – og skipulagssviðs: *Er tryggt að með þessu aukna byggingarmagni sé áfram fylgt þeirri stefnu borgarinnar að auka framboð á litlum og ódýrum íbúðum í hverfinu?*
2. Í framhaldi af samþykkt borgarráðs 19. maí 2016 var þjónustumiðstöðvum Reykjavíkur falið að leiða heilsueflingarstarf innan hverfa. Undirritun samstarfsyfirlýsingar um Heilsueflandi Laugardal, Háaleiti og Bústaði fer fram 30. ágúst n.k. Íbúasamtökum og hverfisráði boðið að vera viðstödd undirritunina.
3. Samkvæmd upplýsingum frá umhverfis – og skipulagssviði í dag, 28. ágúst, eru framkvæmdir hafnar við breytingu á aðkomu og bílastæðum við leikskólann Steinahlíð og ráðgert að þeim ljúki um miðjan september.
4. Innkomnar umsagnir um Tónlistarhátíðina Secret Solstice 2017 lagðar fram til upplýsingar. Samþykkt að senda eftirfarandi til borgarráðs og borgarstjóra:

„Hverfisráð Laugardals gerir alvarlegar athugasemdir við það verklag og vinnubrögð tónleikahaldara Secret Solstice að auglýsa hátíðina fyrir árið 2018 og hefja miðasölu án samráðs við borgina. Einnig er dagsetning hátíðarinnar fyrir næsta ár þ.e.a.s. 21.-24. júní ákveðin án samráðs við borgina og líka tímalengd hennar þ.e.a.s. 4 dagar sem ákveðið var að leyfa aðeins tímabundið, árið 2016 og aftur núna í ár. Þessi einhliða ákvörðun tónleikahaldara er ekki í samræmi við fyrri yfirlýsingar þeirra um mikinn vilja til samráðs við íbúa hverfisins og hagsmunaaðila. Þar sem frestur hagsmunaaðila til að skila inn umsögnum vegna hátíðarinnar í ár rennur út 1. september n.k. þá getur Hverfisráð Laugardals ekki lokið sinni umsögn fyrr en að þeim fresti liðnum. Sú vinna mun m.a. felast í því að vinna úr þeim umsögnum og athugasemdum m.a. frá heilbrigðiseftirliti, lögreglu, Íbúasamtökum Laugardals, Þrótti ofl. sem þá munu liggja fyrir.“

Framkvæmdastjóra falið að koma þessu á framfæri við viðeigandi aðila.

5. Formaður Íbúasamtaka Laugardals sagði frá útimarkaði samtakanna sem var 26. ágúst s.l.

Fundi slitið kl. 17.10

Bjarni Jónsson



Heiðar Ingi Svansson



Elín Engilbertsdóttir
Kristín Elfa Guðnadóttir

